

Mál nr. 170/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega

Slys þann 14.06. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.05. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.07. og 24.07. 2009.
- 3) Viðbótarathugasemdir M, dags. 20.07. 2009, þ.e. viðbrögð við bréfi nefndarinnar, dags. 14.07. 2009 og athugasemdum vátryggingafélagsins.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Þann 28.03. 2008 tilkynnti M vátryggingafélaginu um að hann hafi slasast við vinnu sína þann 14.06. 2006. Hann féll niður um 2,5 metra hæð þannig að meiðsl hlaut af. Vátryggingfélagið telur að atvikið hafi verið tilkynnt eftir að frestur til þess að tilkynna atvikið hafi runnið út sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Félagið vísar m.a. til þess að grundvöllur bótaskyldu úr slysatryggingu er slys. Í skilmálum er hugtakið “slys” skilgreint. Félagið telur ekki rétt að leggja til grundvallar það tímamark þegar tjónþoli telur sjálfur að hann hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum af slysi. Það eigi sérstaklega við í þessu tilviki M, “en ekki liggur fyrir að hann hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum af slysinu”. Atvik sem er tilefni kröfu M er það atvik þegar hann varð fyrir slysi á hné og meiðir sig þann 14.06. 2006. Félagið telur það ekki háð “neinni einustu óvissu hvenær þetta gerðist. Það er því ekki undirorpið túlkun hvenær frestur skv. 124. gr. vátryggingarsamningalaga byrjar að líða”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi og mótmælir afstöðu vátryggingafélagsins. Hann telur efnislega ekki rétt að miða upphafstíma tilkynningarfrests í þessu tilviki við slysið. M hafi ekki verið unnt að gera sér grein fyrir afleiðingum strax við slysið. M vísar m.a. til læknisvottorðs, dags. 20.09. 2007, þar sem draga megi þá ályktun að fólk jafni sig að ölli jöfnu að fullu á áverkum sem þeim sem M fékk. M hafi verið vongóður um að “hrista þetta af sér”. Afleiðingar hafi reynst aðrar og meiri en álitnið var í fyrstu. Hann telur að brjós-klos sem hann hafi fengið síðar sé bein afleiðing slyssins. Fyrirliggjandi vottorð og sjúrkasaga beri það með sér. Rétt sé að M hafi ekki gengist undir örorkumat, slíkt sé kostnaðarsamt. M telur að endanlegar afleiðingar slyssins skipti ekki máli í því tilviki sem hér er til umræðu. M telur að engu öðru atviki til að dreifa heldur en slysinu þann 14. júní 2006 sem skýrir þær afleiðingar sem hann býr við í baki.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Í því tilviki sem hér er til umræðu þykir rétt að miða upphafstíma tilkynningarfrests við það þegar M varð fyrir slysi á árinu 2006.

Ekki hefur verið sýnt fram á hverjar hafa nákvæmlega verið varanlegar afleiðingar slyssins, hvort þær séu meiðsl á hné eða nái einnig til meiðsla á baki. Ósannað er að brjós-klos sem M fékk á árinu 2009 sé að rekja til slyssins.

M leitaði til slysadeildar í kjölfar slyssins. Hann var greindur m.a. með tognun og rifbrot sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. Hann var með viðvarandi verki eftir þetta. Fullyrðingar M um að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að hann kynni að búa við varanlegar afleiðingar vegna vinnuslyssins verður að hafna sem ósönnuðum, líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

Með hliðsjón af ofanrituðu gætti M ekki tilkynningarskyldu sinnar skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Athygli vekur og hve illa er upplýst um orsakatengsl í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 8. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.